

## **Aðalfundur Eyjafjarðardeildar 2020**

Aðalfundur var haldinn í húsnæði deildarinnar í Viðjulundi 2, Akureyri, þann 11. mars 2020 kl. 18.00. Fjórir stjórnarmenn tóku þátt í fundinum með fjarfundabúnaði.

### **A. Kosning fundarstjóra.**

Gunnar Frímansson, formaður Eyjafjarðardeildar, setti fundinn og var Sigríður Stefánsdóttir kosin fundarstjóri. Ritari var Linda Guðmundsdóttir.

### **B. Skýrsla um starf deildarinnar.**

Formaður flutti skýrslu stjórnar um starf deildarinnar á árinu 2019. Ljóst er að öflug og fjölbreytt starfsemi var hjá deildinni og margir sem njóta góðs af starfinu. Hjá deildinni störfuðu 299 sjálfboðaliðar í fjölmörgum verkefnum. Launaðir starfsmenn eru þrír.

Skýrsla stjórnar er aðgengileg í heild sinni á vef Rauða krossins.

### **C. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.**

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeildar, lagði fram ársreikning deildarinnar. Reikningurinn er staðfestur og undirritaður af stjórn, deildarstjóra, skoðunarmanni og endurskoðanda. Tap á árinu var 2.968.733 krónur að teknu tilliti til afskrifta sem voru reiknaðar kr. 7.061.154. Handbært fé frá rekstri var því kr. 4.092.421. Handbært fé í árslok nam kr. 69.474.343 en skuldir voru 18.663.532.

Reikningurinn var samþykktur án athugasemda.

### **D. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun lögð fram.**

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeildar, lagði fram framkvæmda- og fjárhagsáætlun deildarinnar fyrir árið 2020. Kostnaður er áætlaður 55.308.100 kr. og heildartekjur 52.850.000 kr. Gert er ráð fyrir að reka deildina með halla upp á kr. 2.458.100 og mun eign deildarinnar í sjóðum skerðast sem því nemur.

### **E. Kosning deildarstjórnar.**

Sigurður Ólafsson, fulltrúi kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar.

Í aðalstjórn kosin 2019 til tveggja ára eru:

Gunnar Frímansson  
Ólafur Sigurðsson  
Karen Malmquist  
Sólborg Friðbjörnsdóttir  
Þórhallur Másson

Kjörnefnd leggur til að eftirtaldir félagsmenn verði kjörnir til stjórnarsetu til tveggja ára í aðalstjórn:

Aðalheiður Sigurjónsdóttir  
Anna Rósa Magnúsdóttir  
Jónas Þór Karlsson  
Jón Baldvin Hannesson

Kjörnefnd leggur til að eftirtaldir félagsmenn verði kjörnir til eins árs setu í varastjórn:

Anna Lilja Benediktsdóttir  
Berglind Júlíusdóttir  
Fjóla Valborg Stefánsdóttir  
Gísli Kort Kristófersson

Kjörnefnd leggur til að Guðlaug Kristinsdóttir verði endurkjörin sem skoðunarmaður til eins árs:

Tillögur kjörnefndar voru samþykktar.

**G. Önnur mál.**

Engin önnur mál voru tekin upp á fundinum.

Formaður þakkaði fundarstjóra og fundarfólki fyrir góðan fund.

Fundi var slitið klukkan 19.41